

Fundargerð
Fundur þróunarsamvinnunefndar 20. september 2024
Kl. 09:00 – 11:00 í utanríkisráðuneytinu og á Teams

Mætt:

Stella Samúelsdóttir (formaður þróunarsamvinnunefndar), Geir Gunnlaugsson (Háskóla Íslands), Sjöfn Vilhelmsdóttir (HÍ og GRÓ-LRT), Gísli Rafn Ólafsson (Píratar), Þórunn Sveinbjarnardóttir (Samfylking), Halldór Halldórsson (SA), Ragnar Schram (SOS barnaþorp), Sólrún María Ólafsdóttir (Rauði krossinn á Íslandi), Kristín Ólafsdóttir (Hjálparstarf kirkjunnar), Kolbrún Pálsdóttir (Barnaheill) og Sara McMahon (UN Women Ísland).

Ósk Sturludóttir (ritari nefndar), Þórarinn Ingi Pétursson (Framsóknarflokkur), Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (Viðreisn), Bryndís Haraldsdóttir (Sjálfstæðisflokkur), Bjarni Jónsson (Vinstri Græn), Birna Þórarinsdóttir (UNICEF), Guðrún Margrét Guðmundsdóttir (Alþýðusamband Íslands), Valmundur Valmundsson (Alþýðusamband Íslands), Ragnar Gunnarsson (SÍK), Sigmar Guðmundsson (Viðreisn) og Þór Heiðar Ásgeirsson (HAFRÓ) boðuðu forföll.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Þórarinna Söebech, Erla Hlín Hjálmarsdóttir, Davíð Logi Sigurðsson og Helen Inga von Ernst.

Hluta fundarins sátu að auki: Erna Bjarnadóttir (Miðflokkur) og Jakob Frímann Magnússon (Flokkur fólksins).

Aðrir gestir: Nína Björk Jónsdóttir (Forstöðumaður GRÓ), Irma Erlingsdóttir (Háskóli Íslands/GRÓ Gest) Jón Karl Ólafsson (GRÓ, formaður stjórnar) og Ingimar G. Haraldsson (ÍSOR f.h. Bjarna Richter).

Nefndarritari: Kolbeinn Arnarson.

1. Fundur settur (09:05)

Formaður bauð fundarfólk og gesti velkomið og setti fundinn. Ritari nefndarinnar sendi fundargerð síðasta fundar á fundargesti og bárust engar athugasemdir. Fundargerð síðasta fundar var þar með samþykkt.

Kynning á ársskýrslu GRÓ og samantekt á nýlegri rýni (09:05).

Nína Björk Jónsdóttir, forstöðumaður GRÓ, kynnti ársskýrslu GRÓ 2023. Fór hún yfir árangursmælikvarða GRÓ eins og þeir voru 31. desember 2023. Hún tók saman helstu atriði í starfi skólanna fjögurra og miðstöðvarinnar, sem og fjármál GRÓ, samstarf við UNESCO, starf stjórnar og annað slíkt. Hún var með sérstaka umfjöllun um 5-6 mánaða nám skólans sem er að hennar sögn kjarnastarfsemi GRÓ. Þá fór hún einnig yfir árangursramma GRÓ en árið 2023 náði starfsemin nær öllum markmiðum sínum. Þá var efst á baugi frá síðustu kynningu GRÓ breytingakenning GRÓ, framtíðarsýn 2022-27, árangursrammi GRÓ, nýir þjónustusamningar og þrennar úttektir. Varðandi framtíðarsýn þá er ljóst að það þarf aukið fjármagn til að ná að uppfylla framtíðarsýn, en í henni eru sett markmið um hvert starfið á að þróast. Hér skiptir

ramminn miklu máli en hann skapar forsendur fyrir auknum fjárframlögum. Þá var farið yfir helstu yfirstandandi verkefni en þau eru m.a. efling samstarfs nemenda, efling samstarfs við UNESCO, mótun umgjarðar um styrkveitingar til framhaldsnáms og samræming árangursmælinga. Í eflingu samstarfs nemenda er leitast eftir því að skapa vettvang fyrir nemendur til þess að hittast og miðla þekkingu sín á milli. Innan UNESCO er aukinn áhugi á GRÓ, verið er að vinna að því að endurnýja stöðu GRÓ sem C2C (Category 2 Centres, stofnanir sem starfa undir merkjum UNESCO) og verið er að skoða hvernig UNESCO getur hjálpað GRÓ og öfugt.

Þá tók Erla Hlín Hjálmarsdóttir, forstöðumaðir innri málefna, til máls og sagði frá GOPA úttektinni á starfsemi GRÓ. Hér var farið hratt yfir enda einungis 10 mínútur til þess að fara yfir 23 glærur. Niðurstöður úttektarinnar eru mjög góðar á heildina lítið og það er mikil samræming á milli stefnu Íslands í þróunarsamvinnu og árangurs. GRÓ og ráðuneytið hafa fengið ábendingar þess efnis að horfa til lengri tíma og vera með stragetískari sýn. Verið er að kalla eftir aukaafurðum frá GRÓ umfram 5-6 mánaða námið. Kannanir meðal nemenda gefa til kynna að nemendur fái að loknu námi framgang í starfi, þekkingu og tæknilega, persónulega og rannsóknar hæfni. Þá vantar sterkari innri ferla, en hluti af úttektinni er að kanna hvernig nýja fyrirkomulagið um að vera undir regnhlíf UNESCO reynist starfinu. Varðandi langtímaáhrif þá gefa úttektirnar sem gerðar hafa verið ekki innsýn í langtímaáhrif en til þess þarf a.m.k. 10 ára reynslu. Varðandi skammtímaáhrif þá eru útskrifaðir namar strax farnir að skila árangri, mörg eru farin að vinna að heimsmarkmiðunum, mörg komin í góðar stöður í sínum samfélögum og 31% nemenda telja sig hafa haft stefnumótandi áhrif í sínu heimalandi. Í lok úttektar komu fram 10 lærdómsatriði en jafnframt fékk GRÓ 37 tillögur til þess að bæta starfið sem snúa m.a. að bætingu á umgjörð GRÓ og utanumhaldi utanríkisráðuneytisins.

2. Umræður 09:45

Spurt var hvers vegna *interpersonal skills* fengju svona lítið vægi á árangursmælikvarða *professional advancements* í úttekt GOPA. Það er mikið lagt upp úr *interpersonal skills* og getunni til þess að miðla upplýsingum, því hefur það mikið vægi en forgangsroðunin er á þennan máta.

Nefndargestur spurði út í UNESCO og lýsti yfir áhyggjum á þungu skrifræði (*e. bureaucracy*) þar. GRÓ er á góðri leið með að fá sterkari tengsl innan UNESCO en það mun koma til með að styrkja okkur.

Annar nefndargestur velti fyrir sér hver tilgangurinn með GRÓ væri eiginlega. Er verið að þjálfa einstaklinga með tilheyrandi kostnaði svo þeir geti farið að vinna í alþjóðakerfinu en ekki snúið til sinna heimalanda og gert gagn þar? Fundargesturinn leggur til að hér sé staldrað við í ljósi þess að kerfið sé kostnaðarsamt. Upp úr þessu spruttu áhugaverðar umræður um kerfið og virkni þess.

3. Mannréttindaráðið, áherslur Íslands og samlegð með þróunarstarfi (10:15).

Davíð Logi, deildarstjóri, og Helen Inga von Ernst, sérfræðingur, kynntu framboð Íslands til mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna 2025-2027 og áherslur Íslands þar. Ísland hefur lagt aukna áherslu á alþjóðavettvangi á mannréttindi en Ísland tók sæti í mannréttindaráði SP með skömmum fyrirvara 2018-2019. Síðan Ísland lauk setu sinni í mannréttindaráðinu hefur Ísland

verið virkt áheyrnarríki á vettvangi mannréttindaráðsins, leitt ályktun um ástand mannréttinda í Íran, kallað eftir sérstökum fundi í ráðinu um Íran í kjölfar mótmælanna haustið 2022 og leitt ályktun um stofnsetningu rannsóknarnefndar sem safnar sönnungargögnum til að megi draga gerendur til ábyrgðar. Tekin var ákvörðun um framboð Íslands til mannréttindaráðs SP í ríkisstjórn vorið 2020 í samráði við Norðurlönd, en Norðurlöndin hafa nú komið sér saman um fasta róteringu á framboðum þeirra til mannréttindaráðs SP. Ísland er með 6 áherslur í ráðinu: efla stoðir og samstöðu um mannréttindi um heim allan (fjölmíðlafrelsi, fatlað fólk, bárattufólk falla hér undir), kvenréttindi, réttindi barna, réttindi hinsegin fólks, áhrif umhverfismála á mannréttindi og efling mannréttinda á Íslandi. Í nýrri stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024–2028 eru mannréttindi, jafnrétti kynjanna og umhverfis- og loftslagsmál bæði sértæk og þverlæg áhersluatriði sem lögð skuli til grundvallar í öllu starfi. Ísland tekur sæti sitt í mannréttindaráði SP 1. janúar 2025, en tíminn fram að því verður notaður til að útfæra aðgerðaráætlun til að framfylgja áherslum Íslands.

4. Umræður 10:55

Fundargestur velti fyrir sér hvort það hafi verið einhver ávinningur af fyrri setu Íslands í mannréttindaráði SP. Þegar Ísland átti sæti í mannréttindaráði SP 2018-2019 vakti Ísland athygli á morðinu á blaðamanninum Khashoggi en það er erfitt að fullyrða hvort að umræðan sem skapaðist um það morð hafi einmitt verið vegna þess að Ísland vakti athygli á því.

Fundargestur spurði hvort Ísland ætli að taka stóru slagina í mannréttindaráðinu. Ísland ætlar að taka slaginn fyrir jarðarsetta hópa eins og t.d. hinsegin og fatlað fólk. Ísland lítur svo á að mannréttindi séu algild og því er það ekki fullveldismál stakra ríkja ef þau vilja kúga og jaðarsetja ákveðna hópa innan þeirra landamæra. Þetta er slagur sem Ísland ætlar að taka í mannréttindaráðinu.

Spurt var hver aðkoma háskólasamfélagsins sé að reglubundnu samráði mannréttindaráðs. Ísland þarf alltaf að vera með einhvern að hlusta í ráðinu en sömuleiðis sækja marga fundi sem er oft erfitt fyrir lítið ríki. Ísland fékk því nemendur úr háskólanum til þess að sitja í mannréttindaráði og í einu tilfelli kom út úr því mastersritgerð.

Einnig var rætt hvort að fólk á flóttu teldist til jaðarsetts hóps sem Ísland myndi beina sjónum að.

Fundi slitið kl. 11:10.